



Methotrexate meðferð vegna utanlegspungunar

Upplýsingarit fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra

Hvað er Methotrexate?

Methotrexate er krabbameinslyf sem er notað til að stöðva vöxt frumna sem skipta sér hratt.

Lyfið stöðvar vöxt þungunarvefs, hvar sem hann er staðsettur, og gerir líkamanum kleift að fjarlægja vefinn.

Uppfylla þarf ströng skilyrði til að hægt sé að fá meðferðina:

- Vera heilsuhraust
- Vægir eða engir kviðverkir
- Engin merki um blæðingu kviðarholi
- Lágt þungunarhormón (Bhcg) í blóði
- Við sónarskoðun er fyrirferð á eggjaleiðara minni en 35 mm og ekki sést merki um fóstur í eggjaleiðara

Methotrexate er notað í tilfellum þar sem um er að ræða utanlegspungun eða þungun án staðsetningar og aðgerð er ekki talin ráðleg. Til dæmis ef búíð er að gera aðgerðir á kvið áður eða það eru áhættuþættir til staðar sem auka líkur á fylgikvilla við aðgerð og svæfingu. Með lyfjameðferð er hægt að komast hjá því að fjarlægja eggjaleiðara.

Hvernig er lyfið gefið?

Methotrexate er gefið með sprautu í vöðva. Skammtur er reiknaður út frá hæð þinni og þyngd. Áður en lyfið er gefið eru teknar blóðprufur til að skoða almennan blóðhag, þungunarhormón (Bhcg) og lifrar – og nýrnastarfsemi.

Eftir lyfjameðferð tekur við eftirlit. Koma þarf vikulega í blóðprufur þar sem mælt er þungunarhormón í blóði þar til gildin eru orðin neikvæð. Oft getur það tekið um 4-6 vikur. Stundum þarf að gefa fleiri en einn skammt. Yfirleitt byrjar að blæða eftir meðferðina og geta blæðingar staðið í allt að 4 vikur. Nota þarf getnaðarvörn til að hindra þungun á meðan meðferð stendur og í 3 mánuði eftir að meðferð lýkur. Lyfið getur valdið fósturgöllum og þarf að vera alveg horfið úr líkamanum fyrir næstu þungun. Meðan á meðferð stendur má ekki neyta áfengis. Einnig skal forðast þunga líkamsrækt fyrstu tvær vikurnar.

Algengt er að finna fyrir flensulíkum einkennum eftir meðferðina. Aukaverkanir koma fram hjá um 30% sjúklinga.

Helstu aukaverkanir Methotrexate eru:

- Kviðverkir, oftast 4-6 dögum eftir lyfjagjöf
- Sár í munni
- Ógleði og uppköst
- Niðurgangur
- Preyta
- Einkenni frá lungum s.s. hósti, mæði
- Hækkun á lifrarprófum
- Hárlos
- Fækkun á hvítum blóðkornum

Ástæða er til að hringja á deild ef:

- Það blæðir svo mikið frá leggöngum að það fylli stórt bindi (næturbindi eða sambærileg) á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir
- Kviður þaninn
- Verkir upp í axlir eða andþyngsli
- Kviðverkir sem svara ekki verkjalyfjum
- Yfirliðatilfinning

Sumar konur finna fyrir auknum kviðverkjum á fjórða til fimmta degi eftir lyfjameðferðina sem er eðlilegt. Mælt er með lbúprófeni og parasetamóli til verkjastillingar ef ekki er frábending fyrir notkun. Hámarksskammtar af lbúprófeni eru 600 mg þrisvar á sólarhring og parasetamóli 1g þrisvar til fjórum sinnum á sólarhring. Ef verkir verða þrálátir eða versna skal hafa samband við kvenlækningadeild.

Hafa samband:

Móttaka kvenlækningadeildar 21A er opin virka daga frá kl. 8-16, sími 543-3224. Ef eitthvað kemur upp á sem ekki getur beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543-1000 og biðja um samband við legudeild kvenlækningadeildar 21A. Ef um brátt ástand er að ræða skal hafa samband við 112.

Starfsfólk kvenlækningadeildar